

Svar

utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra við fyrirspurn frá Þorsteini Sæmundssyni um upplýsingafulltrúa og samskiptastjóra.

1. *Eru upplýsingafulltrúar eða samskiptastjórar starfandi í ráðuneytinu? Ef svo er, hver er árlegur heildarkostnaður síðustu tíu ár vegna starfa viðkomandi, sundurliðað í laun og annan kostnað?*

Upplýsingafulltrúi/fjölmiðlafulltrúi er starfandi í utanríkisráðuneytinu. Árlegur launakostnaður síðustu tíu ár með launatengdum gjöldum vegna þessarar stöðu er eftirfarandi:

2011	7.800.415
2012	8.795.494
2013	10.782.479
2014	11.335.894
2015	12.207.135
2016	13.188.411
2017	14.232.777
2018	13.278.274
2019	13.568.210
2020	12.288.400

Einnig er greitt fyrir síma- og netkostnað en erfitt er að meta slíkan kostnað, persónugreinanlegan fyrir svo langt tímabil.

2. *Eru upplýsingafulltrúar eða samskiptastjórar starfandi hjá sendiskrifstofum? Ef svo er, hver er árlegur heildarkostnaður hvernar sendiskrifstofu síðustu tíu ár vegna starfa viðkomandi, sundurliðað í laun og annan kostnað?*

Ekki eru starfandi sérstakir upplýsingafulltrúar eða samskiptastjórar á sendiskrifstofum. Þessi störf eru unnin af starfsfólki á hverjum stað meðfram öðrum verkefnum.

Alls fóru þrjár vinnustundir í að taka þetta svar saman.